

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
30. fundur þriðjudaginn 11. ágúst 2020 kl. 12:30-12:45
Teams fjarfundur

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Áhættumat fyrir rafræna kjörskrá.

Minnisblað Syndis vegna rafrænnar kjörskrár barst frá Þjóðskrá Íslands 16. júlí sl. Áhættumatið er tekið til umræðu og nokkrar athugasemdir gerðar við það, m.a. er að finna rangfærslur í álitinu og æskilegt væri að fá betra mat á kosti og göllum rafrænnar kjörskrár.

Ákveðið að IBÁ hafi samband við yfirmann tölvurekstrarmála, Halldór Hreinsson, hjá Þjóðskrá Íslands til að hægt sé að boða fund með Syndis og starfshópnum sem fyrst. Ákveðið að IBÁ, ÞH, LHG og ÞV sitji þann fund fyrir hönd starfshópsins og að þau upplýsi um stöðu mála eftir fundinn.

Fundi slitið kl. 12.45.